



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2021

## FÓHE2FU03

Heilbrigði og umhirða  
FÓHE II

---

Kennarar: Johannes Amplatz (JOA), Caroline Aldén (CA)

### Áfangalýsing:

Meginviðfangsefni áfangans er almenna umhirðu hesta, heilbrigði þeirra og velferð. Farið er yfir líkamsbyggingu hestsins, stoðkerfi, bein, vöðva og meltingarfæri. Nemendur kynnast skala holdastigunnar og læra að meta holdastig og fóðrunarástand hrossa.

Farið er yfir grundvallaratriði er tengjast heilsu hrossa og helstu sjúkdóma. Fjallað er ítarlega um hófa og fætur hrossa og sú þekking tengd praktískum þáttum varðandi járningu og hófhirðu.

Nemendur fá kennslu í meðhöndlun járningaverkfæra og læra að klippa til hófa, móta til skeifur á einfaldan hátt og negla skeifur á dauðar fætur. Nemendur læra einnig að meta ástand járninga og fótstöðu, öðlast meiri færni í meðhöndlun járningaverkfæra, læra að klippa til hófa, móta til skeifur og framkvæma einfalda járningu.

**Forkröfur:** FÓHE1GR03

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- undirstöðuatriðum er varðar almenna umhirðu hesta er stuðla að heilbrigði og velferð þeirra.
- líkamsbyggingu hestsins, stoðkerfi, beinum og vöðvum
- meltingarfærum hrossa
- uppbyggingu hófa og fóta
- holdafari hesta, holdastigunnarkvarða
- helstu staðreyndir er lúta að heilbrigði og heilsufari hesta
- algengustu hrossa-sjúkdómum
- helstu staðreyndum er lúta að umhirðu fóta og hófa
- sögu og þróun járninga
- mismunandi vinnuáferðum við járningar
- helstu járningarverkfærum og hvernig þau eru notuð
- hvaða þættir hafa áhrif á hófvöxt.

Johannes Amplatz

- helstu atriði er varða skeifur, hóffjaðrir og annað efni sem notað er við járningar

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leggja mat á andlegt og líkamlegt ástand hesta
- leggja mat á heilbrigði hrossa
- nefna helstu sérkenni á líkamsbyggingu hrossa
- geta nefnt helstu heiti á líkama hestsins
- lyft upp öllum fótum hestsins þvingunarlaust
- meta holdafar
- geta lagt mat á ástand járninga
- meðhöndla járningaverkfæri
- móta til skeifur
- framkvæma einfalda járningu

### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- aðstoða við almenna hirðingu á hrossum
- þekkja útlit heilbrigðs hests
- geta greint ef hestur er ekki í eðlilegu ásigkomulagi
- meta holdafar hrossa
- meta ástand járninga
- festa skeifu sem hestur hefur misst undan

### Námsmat:

Heilbrigði og umhirða: 60%

Járningar og hófhirða: 40%

<b>Heilbrigði og umhirða (JOA)</b>	
Kaflapróf 1	10%
Kaflapróf 2	10%
Upprifjunarpróf	15%
Verkefni 1: Heilsa	5%
Verkefni 3: Hlaðvarp	10%
Mæting og frammistaða	10%
<b>Járningar (CA)</b>	
Verkefni 2: Járningar	5%
Mæting og frammistaða	35%

Fyrir hvern dag, þar sem verkefninu er skilað of seint er dregið 0,5 frá einkunn verkefnisins og eftir 4 daga er gefið 0 í einkunn fyrir verkefnið.

Þegar að engu verkefni er skilað, þá hefur það einnig neikvæð áhrif á einkunn fyrir „Mætingu og frammistöðu“.

*Mæting og frammistaða: Hér er metið hvernig mæting og frammistaða nemandans er í bóklegum tímum, en einnig á þetta við fyrir alla kennsluna, líka fyrir vettvangsferðir, tíma hjá gestakennurum, o.s.frv..*

**Verkefni:**

Verkefni 1: Heilsa

Verkefni 2: Járningar

Verkefni 3: Hlaðvarp

Vika	Dagsetning	Viðfangsefni	Kennari
33	16.-20.08	Kynning á efni og uppbyggingu námskeiðs	JOA
34	23.-27.08.	Beinagrind og vöðvakerfi hrossa	JOA
35	30.08.-03.09	Beinagrind og vöðvakerfi hrossa	JOA
36	06.-10.09.	Meltingavegur hrossa 1 tími FRÍ	JOA
37	13.-17.09.	16.09.: Járningar og hófhirða – bóklegt	CA-Kennt utan stundatöflu
38	20.-24.09.	20.&21.09.: Járningar og hófhirða – verklegt	CA-Kennt utan stundatöflu
39	27.09.-01.10.	27.&28.09.: Járningar og hófhirða – verklegt Verkefni 1: skil, Hluti 1	CA-Kennt utan stundatöflu
40	04.-08.10.	04.&05.10.: Járningar og hófhirða - verklegt	CA-Kennt utan stundatöflu
41	11.-15.10.	11.&12.10.: Járningar og hófhirða – verklegt Verkefni 2: skil 14.-15. Haustfrí	CA-Kennt utan stundatöflu
42	18.-22.10.	Kaflapróf: Vöðvakerfi og beinagrind, meltingavegur Hestasjúkdómar og helsta meðhöndlun þeirra	JOA
43	25.-28.10.	Hestasjúkdómar og helsta meðhöndlun þeirra	JOA
44	01.-05.11.	Fóðrun og mat á holdafari Verkefni 1: skil, Hluti 2	JOA
45	08.-12.11.	Fóðrun og mat á holdafari	JOA
46	15.-19.11.	Fóðrun og mat á holdafari Verklegar æfingar Verkefni 3: Skil	JOA
47	22.-26.11.	Kaflapróf: Hestasjúkdómar, fóðrun og mat á holdafari 1 tími FRÍ	JOA
48	29.11.-03.12.	Kynningar: Verkefni 3 Upprifjun	JOA
49	06.-10.12.	Prófvika: Upprifjunarpróf	JOA

**ATH: Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar**

# Járningakennsla

**Haust 2021, tímaplan fyrir járningakennslu.**

**Kennari: Caroline Aldén**

## **Lýsing:**

Kenndar verða fimm lotur þar sem 4-5 nemendur vinna saman í hverjum hóp. Nemendur geta skipt um hóp sín á milli ef þörf er á. Nemendur þurfa að gæta að vera í vinnufötum í verklegum tímum þar sem föt geta skemmst við vinnuna.

**Ath. Mætingarskylda er í allar loturnar**

## **Lota 1.**

**Bóklegt, Iða**

**Hópur 1 & 2.** 16. Sept. 16:00 – 17:00

## **Lota 2**

**Verklegt. Krufingar, Hamar.**

20 Sept **Hópur 1.** 16:00-17:30 & **Hópur 2.** 17:30-19:00

21 Sept. **Hópur 2.** 16:00-17:30 & **Hópur 1.** 17:30-19:00

## **Lota 3.**

**Verklegt. Járningar dauðar lappir. Hamar**

27 Sept. **Hópur 1.** 16:00-17:30 & **Hópur 2.** 17:30-19:00

28 Sept. **Hópur 2.** 16:00-17:30 & **Hópur 1.** 17:30-19:00

## **Lota 4.**

**Verklegt. Járningar dauðar lappir. Hamar**

4 Okt. **Hópur 1.** 16:00-17:30 & **Hópur 2.** 17:30-19:00

5 Okt. **Hópur 2.** 16:00-17:30 & **Hópur 1.** 17:30-19:00

## **Lota 5.**

**Verklegt. Járningar Eldhestar.**

11 Okt. **Hópur 1.** 16:00-17:30 & **Hópur 2.** 17:30-19:00

12 Okt. **Hópur 2.** 16:00-18:00 & **Hópur 1.** 18:00-20:00

## **Hópaskipting:**

**Hópur 1:** Anna, Diljá, Guðbjörg, Guðrún, Margrét

**Hópur 2:** Sigurbjörg, Sóldís, Sunna, Svandís, Védís, Kristján

Johannes Amplatz